

Ágætu tilheyrendur!

Síðast þegar við vorum hér grunaði engan hvað var í vændum.

Farsótt eins og enginn væri morgundagurinn. Fjarfundir tóku yfir og menn hittust ekki til að ræða málin. Nú hefur hins vegar loksins rofað til eins og þessi fundur sýnir. Menn koma saman, sjá hvern annan í réttu ljósi, skiptast á skoðunum, fylgja sínum málum eftir með eðlilegum áherslum, þar sem augnaráð, bendingar og annað er með í liði.

Hjá Landssambandinu hefur ekki frekar en fyrri daginn ríkt nein lognmolla. Stjórnarfrumvörp hafa birst til umsagnar hvert af öðru. Þeim fylgt langar greinargerðir og jafnvel skýrslur nefnda sem ráðherra hafði skipað til að tryggja betur framgang málefnsins. Hér áður fyrr þurfti hálfvert kraftaverk að koma til, svo stjórnarfrumvörp yrðu ekki afgreidd á því þingi sem þau voru lögð fram á. Þau runnu nánast án breytinga gegnum Alþingi til undirskriftar sem lög.

Nú er öldin önnur þegar hvert stjórnarfrumvarpið á fætur öðru fékkst ekki afgreitt í nefndum þingsins, þrátt fyrir að meirihluti þingmanna styddi ríkisstjórnina. Fyrirvarar eru gerðir hjá einstökum þingmönnum stjórnarflokkanna, sem algengt er að leiði til þess að frumvörpin daga uppi í nefndum Alþingis.

Hvaða ástæður liggja þarna er annarra að gera ítarlega greiningu á.

Við lifum í breyttu þjóðfélagi þar sem samráðið er ekki nægjanlegt til að sigra staðfestu einstakra þingmanna. Þeir voru ekki kosnir til að samþykkja þær breytingar sem ríkisstjórn kom sér saman um að yrði að lögum.

Í flestum tilfellum síðast liðins árs hefur ágreiningurinn komið LS til góða. Nefnd skulu tvö dæmi.

[Frumvarp](#) til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar). Að lokinni 1. umræðu var frumvarpinu vísað til atvinnuveganefndar sem kallaði eftir umsögnum við það.

Efni frumvarpsins hefði komið félagsmönnum í LS [afar illa](#). Í því var lagt til að fastsetja hlutdeild strandveiða í 5,3% pottinum til 6 ára, til 1. september 2027. Jafnframt að lögfesta ef einhver afgangur yrði af línuívilnun þá færi hann í byggðakvóta, en ekki til strandveiða þar sem sýnt er að þörfin er mest.

Ennfremur var lagt til í frumvarpinu að heimilt yrði að stunda veiðar alla daga vikunnar, auk þess að heimilt væri að skipta aflaheimildum á fjögur landsvæði.

Þetta hefði leitt til stöðvunar veiða í hverjum mánuði á flestum svæðum. Það kerfi sem Alþingi var sammála um að hafna yrði tekið

upp aftur. Innleiðing harðari sóknar við að ná dögum áður en lokað yrði. Til að fullkomna óskapnaðinn var frumvarpinu ætlað að heimila sókn alla daga vikunnar

Hefði frumvarpið orðið óbreytt að lögum væru 48 daga markmið LS í órafjarlægð þar sem veiðiheimildir til strandveiða hefðu minnkað og skrúfað væri fyrir möguleika á að bæta við. Strandveiðikerfið var því í verulegri hættu.

Góðir fundarmenn – eins og þetta dæmi sýnir, hefur oft litlu mátt muna að illa fari, að það sem áunnist hefur í réttindabaráttu smábátæigenda væri af þeim tekið. LS er falið það ábyrgðarmikla hlutverk að standa vaktina sem hefur hingað til tekist. Mikilvægasta vopnið í þeirriaráttu er samstaða félagsmanna.

LS mótmælti frumvarpinu og í [umsögn til atvinnuveganefndar](#) var þess krafist að haldið yrði áfram að þróa strandveiðikerfið í átt að því að tryggja með lögum 48 daga til strandveiða.

Allar tilraunir formanns atvinnuveganefndar, Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, og þeirra sem vildu breytingar og veg strandveiða meiri báru ekki árangur, en þau voru hins vegar ekki á því að veiðiréttindi þeirra yrðu skert á nokkurn hátt eða að farið yrði til þess kerfis sem hafnað var 2018.

Niðurstaða: Frumvarpinu hafnað. Það ekki afgreitt til 2. umræðu.

Annað dæmi sem hér skal vakin athygli á er fordæmalaus ákvörðun Samgöngustofu að krefjast fleiri réttindamanna stæði róður lengur en 14 klukkustundir. M.ö.o. einmenningsjósókn nánast bönnuð, inngrip í kjarasamninga, með því að krefjast þess í gegnum lögskráningakerfið að bæta þyrfti stýrimanni í áhöfn.

Þrátt fyrir að inngripið hafi enga lagastoð sem sýndi sig best á að hæstvirtur samgöngu- og sveitastjórnarráðherra lagði fram stjórnarfrumvarp sem meðal annars var gert að veita heimildina.

LS mótmælti frumvarpinu kröftuglega í [umsögn](#) til umhverfis- og samgöngunefndar. Svo fór að nefndin ákvað að láta [frumvarpið](#) liggja, afgreiða það ekki til 2. umræðu. Það dagaði því uppi í nefndinni.

Vitað er að sterk öfl vinna að því fá ákvæði sem þetta í lög. LS verður því að vera viðbúið verði viðlíka frumvarp endurflutt.

Kæru fundarmenn – það er í mörg horn að líta í starfsemi LS.

Vitanlega væri gaman að demba því öllu hér á borð, en líklega myndi það hafa í för með sér brotthvarf úr sal þannig að ég hef ákveðið að þessu sinni að stikla aðeins á því helsta en vísa þess í stað til þeirra 148 færslna sem birst hafa á [heimasíðu](#) LS á síðustu 12 mánuðum, ásamt færslum á [Vaðli](#) LS.

Vík ég þá að krókaflamarkinu. Þar eins og í aflamarkinu hefur bátum fækkað jafnt og þétt samhliða því að þeim fjölgar sem eru komnir upp undir hlutdeildapakið. Það er vissulega áhyggjuefni og verðugt verkefni fyrir stjórnvöld og Alþingi að bregðast við. Það ætti að vera auðvelt því það er eitt fárra málefna sem samstaða var um í kosningabaráttunni eða eins og segir hjá sigurvegara nýafstaðinna kosninga:

„Lítill og meðalstór fyrirtæki – Lykill að uppbyggingu og þróun“

Það verður að segjast eins og er að leikreglur í sjávarútvegi verða að taka tillit til stærðar fyrirtækja og innan landhelginnar þarf að skerpa á línunum þannig að smábátar geti ræktað sín mið í friði fyrir ágangi stórra skipa.

Fjölmargir eigendur krókaflamarksbáta hefðu kosið að bæta við sig veiðiheimildum, en það er því miður nánast útiloka, þeir geta ekki keppt við stórar útgerðir sem jafnframt hafa vinnslu á bakvið sig.

Hér sést vel hve þróunin hefur verið. **3 glærur 10 stærstu**

Krókaflamarksbátar með aflahlutdeild alls 202 hefur fækkað 40% á sl. átta árum. Af þeim eru **152 með 9% hlutdeildarinnar**.


Aflahæsti **krókaflamarksbáturinn** fiskveiðiárið 2020/2021 var Sandfell SU 75 með hvorki meira né minna en 2.361 tonn.

Heildarafli smábáta á fiskveiðiarinu var 85.500 tonn og aflaverðmæti 26 milljarðar. Á bakvið tölurnar eru krókaflamarksbátar, hluti smábáta á aflamarki, strandveiðibátar og grásleppubátar.

Vindum okkur þá í grásleppuna


Leyfilegur heildarafli var aukinn úr 5.200 tonnum í 9.040 tonn – 74%.

Gefnir voru út 44 dagar, en fljótt varð ljóst að veiðin var meiri en þekkst hefur í áratugi og var því dögum fækkað í 35 m.a. til að tryggja að nægar heimildir yrðu eftir í innanverðum Breiðafirði. Afli á hvern bát jókst gríðarlega og hafði þó verið góð aukning milli áráanna 2019 og 2020.



Því miður var markaðurinn tregur að taka við því sem fiskaðist og lækkaði verð gríðarlega, fór öfuga leið miðað við aflann.

Verð í krónum fyrir kg af heilli grásleppu



En öll él birta upp um síðir og það hlýtur einnig að eiga við grásleppuna þó ólíkinda töl sé.

Sterkar líkur eru á að leyfilegur afli á næstu vertíð verði svipaður, þá eru Grænlandingar vongóðir um að kvóti þar verði aukinn töluvert og ástandið í Noregi er gott.

Hvað þá um markaðinn kunna menn að spyrja? Þar ríkir óvissa, en nýlegar fréttir af sölu saltaðra grásleppuhroga til Kína vekja óneitanlega vonir, smá glæta.

Ekki lengur hægt að kenna því um að þetta sé ekkert magn og það borgi sig ekki að fara í þennan business. Á næsta ári gæti samanlagður afli veiðipjóða orðið milli 20 og 25 þúsund tonn sem gæfi um og yfir 40 þúsund tonn sem er aukning um 100%. Það er vonandi að það magn gæti orðið til að opna nýja markaði.

Of snemmt er þó að fagna slíku, fara verður að með gát og miða veiði við markaðsaðstæður eins og segir í tillögum tveggja svæðisfélaga.

Aflahæsti báturinn á grásleppu var **Hugrún DA 1 með 115** tonn.

Hvar á að taka aflann?

Þegar LS hefur kynnt áherslu sínar um aukinn veiðirétt til smábátæigenda er því gjarnan svarað með því að spyrja:



Hvar á að taka aflann?

Aldrei þessu vant er við því afar einfalt svar. Atvinnu og byggðakvótar – 5,3% er ætlað að efla byggðir landsins. Sá pottur ætti með 662 þúsund tonna loðnukvóta að fitna nokkuð. Óumdeilt er að útgerð dagróðrabáta skapar þar flest störfin og umsetninguna. Stjórnvöld verða því að breyta áherslum varðandi nýtingu 5,3%, það er að línuívilnun og strandveiðar njóti forgangs. Tryggja línuívilnun út allt fiskveiðárið og 48 daga til strandveiða. Það sem þá verður eftir af heimildum í 5,3% pottinum verði nýtt af dagróðrabátum minni en 30 brúttótonn með ívilnunarformi svo tryggt sé að heimildirnar nýtist eingöngu með veiðum. Ég geri mér fulla grein fyrir að hér er um afar róttæka tillögu að ræða, en þar sem hún uppfyllir að fullu og það óumdeilt ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er vart hægt að hafna breytingunni.

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra (nytjastofna á Íslandsmiðum) og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“

Þá er ég sannfærður um að breytingin myndi efla útgerð
krókaaflamarks- og smábáta á aflamarki allt í kringum landið.

Línuvillum til allra dagróðrabáta yrði að veruleika og þróun
undanfarinna ára yrði snúið við.



Vík ég þá að enn einu aðkallandi málefni.

Á nýafstöðnu fiskveiðiári hafði LS forgöngu um að útgefinn heildarafli í
ýsu yrði aukinn. Sjónarmið sem fram voru borin við ráðherra og
Hafrannsóknastofnun þóttu það trúverðug að 8.000 tonnum var bætt
við. Það voru því veruleg vonbrigði hversu naumt ýsan var skömmtuð
við úthlutun 1. september sl. Sjómenn eru á einu máli um að miðin
séu full af ýsu, alls staðar sé ýsa. Gríðarleg orka og kostnaður fari í

að veiða þorsk á þeim stöðum þar sem **engar ýsu er að hafa**. Taflan sýnir vel hversu menn hafa þurft að takmarka sókn í ýsuna.

Aflaheimild krókaafllamarksbáta í ýsu og affi á fyrstu 40 dögum fiskveiðisársins

Tímabil	Aflaheimild	Affi 1.m. 10.okt	Nú þegar nýtt
2018/2019	10.856 tonn	1.424 tonn	13%
2019/2020	7.255 tonn	1.632 tonn	22%
2020/2021	10.844 tonn	2.355 tonn	22%
2021/2022	6.961 tonn	1.111 tonn	16%
Breyting	- 36%	- 53%	

22

Þannig að einhver sem hlýðir á mál mitt haldi ekki að það séu ekki aðeins smábátar sem eru í vandræðum, þá skal það tekið fram að þetta á jafnt við stór línuskip og togara.

Framundan eru viðræður við sjómannasamtökin um endurskoðun kjarasamnings. Helsta krafa sjómanna og það sem steytti á í viðræðum þeirra við SFS var hækkun á framlagi útgerðarinnar í lífeyrissjóð úr 8% í 11,5%. Sú krafa verður því til umræðu og vonandi að hægt sé að koma að á einhvern hátt til móts við hana.

Þá verður áfram haldið með að vinna þeirri skoðun fylgi að Gildi lífeyrissjóður hafi forgöngu um viðræður milli fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins um samstarf við erlenda fjárfestingu. Að vísu

þarf fyrst að vinna að breyttu umhverfi varðandi samkeppnishömlur, þar sem lífeyrissjóðir eru skilgreindir sem fyrirtæki og gætu því samstarf stangast á við samkeppnislög. Nokkuð undarleg staða þar sem markmið allra lífeyrissjóða er það sama að tryggja sjóðfélögum viðunandi tekjur þegar starfsævi lýkur.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu á skrifstofunni, þeim Oddbjörgu og Arthuri fyrir einstaklega gott samstarf og stjórn LS fyrir sitt starf.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförunum sjö fundum að vitna til aðila úr stjórnarsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára **afmæli LS árið 2015**:

Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“

Takk fyrir gott hljóð og afbragsgóða hlustun.